

8. fundur samfélagsnefndar

Samfélagsnefnd hélt síma- og veffund með Sigurborgu, föstudaginn 22. mars kl. 16, til að undirbúa samfélagsþing sem haldið verður helgina 13. – 14. apríl.

Á fundinn mættu Arna Björg Bjarnadóttir, formaður, Jóhann Þórhallsson, Lárus Heiðarsson og Þórhallur Jóhannsson, ásamt undirritaðri (skh), sem skráði þessa punkta.

Yfirskrift: Varpað var fram hugmyndum að yfirskrift og verður ákvörðun tekin á næsta fundi.

Fyrirkomulag þings: Þingið stendur frá kl. 11 – 16 á laugardeginum 13. apríl og frá kl. 11 – 15 á sunnudeginum. Stíllt er upp í Snæfellsstofu á föstudagseftirmiðdag.

Dagskrá er í grófum dráttum þannig:

Laugardagur

Húsið er opnað kl. 10.45. Kaffi, te, vatn og e.t.v. djús/safi, ásamt kannski kleinum og ávöxtum.

Svona veitingar eru svo standandi allan tímann. Mögulega tónlist þegar komið er í húsið.

Þingið sett kl. 11, formaður samfélagsnefndar. Ef er tónlistarfólk, þá eitt lag eftir setningu.

SKH segir síðan frá fyrirkomulagi og býður þátttakendum að stinga upp á umræðuefnum.

Umræðuefni eru svo rædd í minni hópum.

Í hádegishléi er boðið upp á léttan hádegisverð.

Eftir hádegi halda umræður áfram í hópum. Boðið er upp á örlítið meira meðlæti um kl. 15, en allir þátttakendur koma saman kl. 16 og þá er þingi frestað.

Sunnudagur

Stutt upprifjun frá deginum áður og svo er þátttakendum boðið að stinga upp á fleiri umræðuefnum, sem eru rædd í minni hópum. Einnig er farið í ferðalag inn í framtíðina og málefnum forgangsraðað í lok þings. Þátttakendur geta skráð sig á málefni, ef þeir vilja vinna að þeim áfram. Hádegisverður er með svipuðum hætti og á laugardeginum.

Þegar þingi lýkur kl. 15 er boðið upp á betra meðlæti.

Hægt væri að bjóða fólki að skrá sig á póstlista til að fylgjast með verkefninu áfram. Hann yrði þá „vistaður“ á skrifstofu hreppsins.

Veitingar:

Samið verði við Klausturkaffi. Oddviti sjái um það og skh getur svo haft samband við Elísabetu ef þarf, varðandi framkvæmdatriði.

Helst vera í Snæfellsstofu – nema e.t.d. kaffi eftir þingið á sunnudeginum.

Kynningarmál fyrir þingið:

Auglýsing fyrir samfélagsmiðla; „takið dagana frá“ Myndir; úr réttum, tengist skógi, ferðapjónusta, virkjun, þjóðgarður, samsöngur á Þorablóti	Nefnd finnur myndir, skh setur upp, nefnd gerir tillögur að breytingum ef þarf og dreifir
Setja á viðburðalista á vef hreppsins	Gunnþórunn
Vika 13 – Takið daginn frá!	
Vika 14 – Dreifibréf Dreift á öll heimili og vinnustaði + sett á vef hreppsins	skh gerir tillögu, nefnd klárar
Setja búta af textanum úr dreifibréfi inn á Facebook. Einn skammt í einu. T.d. loforð	Nefnd
Vika 15 – Áminning; samfélagsmiðlar, tölvupóstur og símtöl	Nefnd
Vika 15 / lau+sun ÞING!	

Eftir þingið:

Hvað	Hver / nánar
Fréttatilkynning um skilaboð samfélagsþings	Skh gerir drög sem nefndin les yfir
Fréttin sett á vef hreppsins, tengill inn á Facebook hóp og send fjölmiðlum	Oddviti
Samantekt	Skh
Virkja / málefnaþópa	Samfélagsnefnd? Ræða betur
Samantekt, yfirlestur	Samfélagsnefnd
Skilafundur	Samfélagsnefnd og skh
Samantekt send á póstlista – ef verður póstlisti	Oddviti
Samantekt sett á vef hreppsins, tengill inn á Facebook hóp	Oddviti

Samantekt fer fyrir sveitarstjórn	Lögð fram formlega
Óformlegur fundur samfélagsnefndar og sveitarstjórnar til að skipta verkum í framhaldinu	Mætti hafa þennan fund áður en samantektin fer fyrir sveitarstjórn

Málefni sem sveitarstjórn hefur áhuga á að verði rædd á þinginu: Sveitarstjórn hefur komið á framfæri við nefndina óskum um að nokkur mál verði rædd á þinginu. Skh gerði grein fyrir því að þar sem fyrirkomulag þingsins er þannig að dagskráin er mótuð á staðnum, þá þyrfti einhver úr sveitarstjórn að stinga upp á þeim málum. Mælt er með að sveitarstjórnin og samfélagsnefndin leyfi öðrum að ríða á vaðið með að stinga upp á umræðuefnum og bíði jafnvel með það fram á sunnudag.

Þau sem sitja í sveitarstjórn og samfélagsnefnd eru engu að síður hvött til að taka þátt í umræðum í hópum, sem almennir íbúar.

Upplýsingar til þátttakenda fyrir þing: Gagnlegt getur verið fyrir þátttakendur að kynna sér ýmis gögn fyrir þingið, án þess þó að um það sé krafa. Í dreifibréfi verður bent á eftirtalin gögn á vef hreppsins: Aðalskipulag, Staðardagskrá 21 og húsnæðisáætlun.

Næstu fundir: 27.03., kl. 16.30, 02.04., kl. 11 og 09.04., kl. 11.

Með bestu kveðju,

Sigurborg Kr. Hannesdóttir

Viðtakandi: Samfélagsnefnd og sveitarstjórn Fljótshrepps
